Brjef landshöfðingja *til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu* **um birtingar á innköllunum gamalla skuldabrjefa.** — Út af fyrirspurn frá bæjarfógetanum í Reykjavík, er þjer, herra amtmaður, hafið beint til mín með brjefi dags. í dag, um það, hvort innkallanir þær, sem um ræðir í 2. gr. laga 16. sept. 1893 um sjerstaka heimild til þess að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum, eigi að birtast í Berlingatíðindum auk þess blaðs hjer á landi, sem opinberar auglýsingar eru birtar í, skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir bæjarfógetanum, að með því að skoða mun verða ákvæði fyrstu greinar laganna um, að auglýsingar þær, sem eru skilyrði fyrir afmáning síðari veðrjetta, sem veðið ekki hefur hrokkið til að fullnægja, skuli einungis birtar hjer á landi, sem sjerstakt undantekningarákvæði, og með því að auk þess mun verða að teljast venja, að stefnur til ógildingardóma sjeu birtar samkvæmt reglum þeim, er þar um gilda í Danmörku, sbr. op. br. 27. maí 1859 og op. br. 9. maí 1855, þá er það álit mitt, að samkvæmt fyrirmælum 2. greinar laganna og nýnefndum ákvæðum beri að birta hinar umræddu innkallanir í Berlingatíðindum í Kaupmannahöfn, auk þess, sem þær ber að auglýsa í blaðinu »Ísafold«. **140** 26. nóv.

Brjef landshöfðingja *til biskups* **um bráðabirgðauppbót handa prestakalli.** — (Agrip). — Með brjefi þessu var Eyvindarhólaprestakalli í Rangárvallaprófastsdæmi veitt bráðabirgðauppbót af fje því, sem um ræðir í fjárlaganna 13. gr. A. b. 2, að upphæð 200 kr., fyrir yfirstandandi fardagaár. **141** 18. des.

Brjef landshöfðingja *til biskups* **um skiptingu Stokkseyrarsóknar.** — Eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef yðar, herra biskup, dags. 21. f. m. og þar með fylgjandi erindi frá sóknarnefnd Stokkseyrarsóknar, er inniheldur nauðsynlegar skýringar á tillögu nefndarinnarinnar um skiptingu Stokkseyrarsóknar, dags. 24. okt. þ. á., vil jeg hjer með samkvæmt tillögu yðar og samkvæmt 4. gr. laga nr. 3, 27. febr. 1880, sbr. ráðh.br. 5. maí 1887, samþykkja: **142** 24. des.

1. að Stokkseyrarsókn sje skipt í 2 sóknir, er nefnist Eyrarbakkasókn og Stokkseyrarsókn, þannig, að til Eyrarbakkasóknar teljist bærinn Óseyrarnes ásamt Eyrarbakkaverzlunarstað allt að Litlahrauni, en í Stokkseyrarsókn ráði Litlahraun mörkum að vestan og hin gömlu mörk hinnar núverandi Stokkseyrarsóknar að austan;

2. að eignir og skuldir Stokkseyrarkirkju eins og þær verða þegar skipti fara fram, að undanteknum kirkjuhúsum, ornamentis og instrumentis, skiptist jafnt milli hinna nýju sókna;

3. að hvor hinna nýju sókna hafi, að aflokinni skiptingu, sinn aðskilda fjárhag, þannig, að Eyrarbakkakirkja hljóti allar tekjur af Eyrarbakkasókn og Stokkseyrarkirkja af Stokkseyrarsókn.